

REGLUGERÐ

um gjald af fob.-verði bifreiða.

1. gr.

Gjöld samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1960 skulu innheimt við tollafgreiðslu. Skulu gjöld þessi innheimt af öllum bifreiðum að burðarmagni minna en 3 tonn, að undanskildum jeppabifreiðum samkvæmt nr. 87.02.37 í tollskrá, sjúkra-, bruna- og snjóbifreiðum, svo og bifreiðum, sem eru hvort tveggja lögreglu- og sjúkra-bifreiðar, samkv. nr. 87.02.38 í tollskrá.

2. gr.

Gjöldin eru ákveðin 125% af fob.-verði eða eftir atvikum matsverði bifreiða og bifhjóla án tillits til þess, hvort bifreiðin eða bifhjólið eru notuð eða ný.

3. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem hafa akstur allt að 8 farþega leigubifreiðar til fólksflutninga að aðalstarfi, og sendiferðabifreiðastjórar, sem hafa akstur allt að 3 tonna sendiferðabifreiðar að aðalstarfi, mega við tollafgreiðslu greiða 30% gjald af fob.-verði bifreiðar í reiðu fé, en eftirstöðvarnar (95%) með skuldabréfi. Þeir leigu- og sendiferðabifreiðastjórar, sem hafa akstur framangreindra bifreiða að aukastarfi, mega við tollafgreiðslu greiða 65% gjald af fob.-verði bifreiðanna í reiðu fé, en eftirstöðvarnar (60%) með skuldabréfi.

Taka skal veð í viðkomandi bifreiðum fyrir þeirri upphæð, sem greidd er með skuldabréfi. Veðskuldabréf þessi skulu afskrifuð með jöfnum mánaðarlegum upphæðum, þannig að veðskuldin sé að fullu fallin niður að þremur árum liðnum frá undirskrift bréfsins.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 35. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, tekur gildi 5. janúar 1965.

Nú hefur innflytjandi afhent til tollmeðferðar fyrir 5. janúar 1965 skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess, að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi bifreið þegar í stað, eða hann hefur fyrir sama tíma sett tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjaldanna, og skal þá, ef fullnaðartollafgreiðsla fer fram á bifreiðinni fyrir 12. janúar 1965, taka 100% gjald af fob.-verði þessara bifreiða.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1964.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenztson.